

Einkenni bráðafnæmiskasts eru

- **FÖLVI, SLEKJA (hypótónía) og ÖNDUNARSTÖÐVUN** eru algengustu einkenni hjá börnum
- **HÆSI OG INNÖNDUNARSOG (stridor)** vegna bjúgs í barkakýli og barkakýlisloki
- **ÞRENGSLATILFINNING Í BRJÓSTI, ANDÞYNGSLI** með önghljóðum við útöndun vegna berkjukrampa
- **HRAÐUR HJARTSLÁTTUR, BLÓÐÞRÝSTINGSFALL** samfara hröðum hjartslætti. Mjög hægur hjartsláttur er sjaldgæfari
- Húð: **OFSAKLÁÐI (urticaría)** með dæmigerðum **ÚTBROTUM**, **afmörkuðum af upphækkuðum, rauðum** brúnum og með miðlægum fólva, samfara áköfum kláða.

Ofnæmisviðbrögð

Öndunarerfiðleikar

Leggja barn útaf

Leggið barnið út af, á **bakið með hátt undir fótum eða í hliðarlegu** ef barnið er með andþyngsli eða uppköst. Sjáið til þess að öndunarvegur barnsins sé opin.



112

Kallið efir **hjálp** (112 -neyðarbill). **Skiljið barnið aldrei eftir eftirlitslaust**



Adrenalín

Notið Epipen samkvæmt leiðbeiningum **eða Adrenalín** (1 mg/ml, ópynnt, 1 ml sprauta) gefið í vöðva, samkvæmt eftirfarandi:

Reikna má með 0,1 ml á hver 10 kíló líkamspyngdar

6 - 12 ára: 0,3 ml (viðmið 30 kg)

13 -16 ára: 0,5 ml (viðmið 50 kg)



Endurlífgun

Hefjið **endurlífgun** með öndunaraðstoð og hjartahnoði, sé þess þörf.



Endurtaka adrenalín ef þarf

Batni ástand barnsins ekki á næstu **10 mínútum**, **endurtakið þá adrenalíngjöf**, hámark x 3.



Hafið samband við forsjáraðila þegar hjálp berst. Hefjið samtalið á: „Sæl/Sæll, þetta er xxx(nafn) hjúkrunarfræðingur í xxxskóla. Það er í lagi með barnið þitt en það fékk ofnæmisviðbrögð og kallað var á sjúkrabíl“